



Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. febrúar 2014

Efni: Umsögn SFR um frumvarp til laga um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 458-250. mál.

Í bráðabirgðaákvæðum frumvarpsins kemur fram að „ráðherra skal skipa verkefnisstjórn sem hefur með höndum undirbúning þeirra breytinga sem lög þessi mæla fyrir um ...“. SFR leggur ríka áherslu á að tryggt sé að haft verði samráð við stéttarfélög starfsmanna vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru, þ.m.t. að félagið fái fulltrúa í vinnuhóp um málefni starfsfólks. Skipaðir voru vinnuhópar vegna breytinganna sem hafa verið starfandi um nokkurt skeið, þar á meðal vinnuhópur um starfsmannamál. Þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir SFR – stéttarfélags um aðkomu að málefnum starfsmanna sýslumannsembættanna og loforð um að haft verði samráð við félagið hefur félagið ekki fengið að koma að starfinu hingað til. SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu ítrekar því beiðni sína um að félagið fái aðkomu að vinnuhópi um málefni starfsmanna og að haft verði samráð við félagið.

Sjá má af athugasemdunum við frumvarpið að eftir standa afar mikilvægir þættir er varða réttindi starfsmanna en fram kemur af frumvarpinu að leitast skuli við að sjá til þess að “ ... enginn af núverandi starfsmönnum verði atvinnulaus við breytingarnar og að þörf kunní að vera á ákveðnu svigrúmi til að tryggja viðkomandi starfsmönnum störf hjá hinu opinbera enda sé um mikla breytingu að ræða á skipulagi opinberrar þjónustu sem á sér vart fordæmi“. Það gefur því augaleið að aðkoma hagsmunasamtaka starfsmanna er nauðsynleg til að tryggja að farsælega verði staðið að málefnum þeirra.


SFR hvetur til þess að sú góða reynsla og þekking sem skapast hefur við sameiningu annarra stofnana verði nýtt starfsmönnum í hag. Lykillinn að farsælum umbótum er að starfsmenn séu hafðir með í ráðum. Þetta hefur ítrekað komið fram og hefur sameining skattstofa oft verið notuð sem dæmi um farsæla sameiningu einmitt vegna þessa. Þar voru starfsmenn og hagsmunaaðilar hafðir með í ráðum frá upphafi og stuðlað var að almennri þátttöku þeirra í stefnumótuninni. Reynsla SFR af sameiningu skattstofanna er afar góð. Félagið hefur því miður reynslu af því andsæða en það var við sameiningu stofnana sem einnig eru á forræði innanríkisráðuneytisins. Þá voru fjórar stofnanir sameinaðar í tvær nýjar samgöngustofnanir: Samgöngustofu og Vegagerð. Hagsmunaaðilar starfsmanna voru ekki hafðir með í ráðum þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir þar um.

Vegna áætlana fjármála- og efnahagsráðherra um að móta heildstæða umbótastefnu og stefnu um þær umbóta- og hagræðingaraðgerðir sem til stendur að vinna á kjörtímabilinu leggur SFR – stéttarfélag eftirfarandi til:

- Að búnaðar verði til verklagsreglur í samráði við stéttarfélögin um hvernig staðið verði að kjörum og réttindum starfsmanna þegar umbætur og hagræðingaraðgerðir eru framkvæmdar innan hins opinbera.
- Að markmiðið með þessu verði að skýra hvaða skyldum ríkið gegnir gagnvart mannauðnum á viðkomandi stofnun og til hvaða aðgerða ber að grípa til að tryggja að vinnubrögð séu í samræmi við vandaða stjórnslu.

Með því að hlúa að starfsmönnum verður hlutverki hins opinbera best sinnt.

Virðingarfyllt,



Árni Stefán Jónsson, formaður
SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu



Alma Lía Jóhannsdóttir
SFR – stéttarfélag í almannaðjónustu